



Sveitarfélagið Vogar

## AUGLÝSING

### Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúabyggðina Grænaborg.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi íbúabyggðina Grænaborg, skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

*Breyting á aðalskipulagi felst í eftirfarandi:*

Breyting á aðalskipulagi varðar skilmála fyrir íbúabyggðina Grænaborg. Breytingin felur í sér að í aðalskipulagstillögunni felst að hverfið (ÍB-3-1) verði fullbyggt með 850 - 900 íbúðum, en var áður 400 - 450 íbúðir, sem nánar er lýst í greinargerð á upprætti.

*Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:*

Breytingin felur í sér að hverfið verði fullbyggt með 850 - 900 íbúðum, en var áður 400 - 450 íbúðir, sem nánar er lýst í greinargerð á upprætti

Tillögurnar eru settar fram á uppráttum og greinargerð og vísast til þeirra um nánari upplýsingar.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með þriðjudeginum 7. Júlí 2020 til og með þriðjudaginn 18. ágúst 2020 og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b, Reykjavík. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, [www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu](http://www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu) þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið [skrifstofa@vogar.is](mailto:skrifstofa@vogar.is) eigi síðar en þriðjudaginn 18. ágúst 2020

Vogum, 1. júlí 2020  
F.h. bæjarstjórnar,  
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri